

Líf og list



Umsjón:
Magdalena
Schram

Teikningasýning á Hallveigar- stöðum

Arni Finnbogason opnar teiknimyndasýningu að Hallveigarstöðum Túngötu 14 á fimmtudaginn kemur.

Myndirnar eru flestar til sölu, en þær eru víðs vegar af að landinu, margar t.d. frá Vestmannaeyjum, og segja sína sögu um gamla tímann. Einnig eru myndir frá Færeyjum, Grænlandi og af nokkrum kaupþúnum hérlendis, eins og áður kom fram. Nokkuð er af mannmyndum og andlitsteikningum.

Þetta er sjötta sýning Arna hér í Reykjavík. Sýningin verður opin daglega frá kl. 2-10 og verður til 3. september.

Ms.

Dóttir Nínu í Norræna húsinu

Rólegt er yfir starfssemi Norræna hússins þessa dagana, enda standa þar nú yfir endurbætur og einhverjar breytingar, vegna yfirvofandi forstjóranskipta og er t.d. ekki von á neinni stórra málverka-sýningu þar í bráð. Því verið er að mála sýningarsalinn í kjallaranum. Þó þarast þar fréttir frá húsinu að Una Dóra Copley — einkadóttir listakonunnar Nínu Tryggvadóttur, sé á leið þangað frá Bandaríkjunum og hyggist sýna myndir sínar í anddyrinu. Sú sýning mun væntalega hefjast þ. 5. september og verður eflaust mörgum forvitnileg.

Ms.

Áskriftartilboðið gildir aðeins til mánaðamóta

Vert er að minna á, að áskriftartilboð vegna Orðabókar Sigfúsar Blöndal gildir til 1. september n.k.

Íslensk-dönsk orðabók eftir Sigfús Blöndal kom út á árunum 1920-24 og ljósprentuð árið 1952, en hún hefur nú verið ófánleg um langt árabil. Bókin hefur verið í ljósprentun í sumar og kemur út í október. Orðabókin verður bundin í tvö bindi og er áskriftarverð kr. 49.400 en bókhöfduverð um 80.000 kr. Áskrifendur eiga þess einnig kost að eignast Viðbæti (1963) á gömlu verði, bundin í sams konar band og nýja ljósprentið og í takmörkuðu upplagi.


Áskriftargjaldið skal greiða Íslensk-dönskum orðabókar-sjóði, Háskóla Íslands. Einnig er hægt að kaupa gjafarkort fyrir bókinni.

Ms.

Leiðrétting

Í frétt um leikrit Steinunnar Jóhannsdóttur hér á síðunni í vikunni sem leið, hljóp undirrituð á sig svo um munaði, þegar því var hiklaust haldið fram hversu langt væri síðan leikrit eftir íslenska konu hefði verið frumstýnt á sviðinu. Til allrar hamingju fyrir íslenska leikhúsgesti, en undirritaðri til skammar, var sú staðhæfing ekki sannleikanum samkvæm og sannast enn orðtakið að best sé að flyta sér hægt. Þær Guðrún Helgadóttir, höfundur leikritsins „Óvitar“ og Nína Björk Arnadóttir, höfundur „Hvað sögðu englarnir?“ eru beðnar um að taka fyrirgefningarbeiðni til greina, þó enginn muni lá þeim, eða öðrum, sem hlut kunna að eiga að máli, þótt þær geri það ekki.

Ms.



Nína Gautadóttir með eitt af teppunum sínum; Nú er frost á Fróni.



Þetta er í fyrsta sinn, sem Nína sýnir hér heima, en hún hefur verið búsett í París undanfarin 10 ár. Nína sagði viðbrögð sýningar-gesta vera miklu jákvæðari en hún hefði látið sig dreyma um, „fólk hefur komið til mín og tekið í höndina á mér og sagt mér hvað það væri gaman að verkunum mínum“, sagði hún. Í allt sýndi Nína 14 verk, en 11 þeirra hafa selst.

Aðrar fréttir frá Kjarvalsstöðum.

Þóra Kristjánsdóttir, listráðunetur Kjarvalsstaða, sagði tíbindamanni Vísis, þegar spurð um hvað helst væri á döfinni á næstunni þar á bæ, að næsta málverka-sýning þar væri á myndum eftir Björn Birnis. Sú sýning verður í vestursalnum og opnuð þ. 30. ágúst.

Björn Birnir hefur lítið sýnt áður, en hann var í eina tíð teiknikennari, sem ákvað að leggja þá vinnu á hilluna til að helga líf sitt við nám í Bandaríkjunum. Sýningu Björns lýkur þann 7. sept. og þann 13. verður opnuð sýning á myndum Vilhjálms Bergssonar, sem verður til 21. september. Og

Ms.

Sýning Nínu framlengd og margar sýningar á döfinni að Kjarvalsstöðum

Teppi Nínu Gautadóttur, sem sýnd hafa verið að Kjarvalsstöðum undanfarið, hafa vakið mikla athygli og hefur nú verið ákveðið að framlengja sýninguna til næstu helgi eða til sunnudagskvölds.



Frá Kjarvalsstöðum.

Þ. 6. sept., verður opnuð sýning Septem-hópsins, en ekki er enn víst, hve margir úr hópnunum sýna þetta sinn. Undir lok september verður svo Haustsýning Félags Íslenskra myndlistarmanna. Að þessu sinni hefur sex félagsmönnum verið boðið að sýna og mun ætlunin að gera hverjum þeirra myndarleg skil og er það fráhrarfrá því sniði að sýna fáar myndir eftir marga listamenn.



Selst eftir Bubba.

SATT-kvöld í Tónabíói

Annar kvöld, miðvikudagskvöld, verður SATT-kvöld í Tónabæ í Reykjavík. Margar hljómsveitir koma fram og ber þá fyrst að nefna þá Bubba Morthens og Utangarðsmenn. Að auki spilar Tívoli og hljómsveitin Hver frá Akureyri, sem einna helst telur

það tilsins ágætis — ef marka má af auglýsingum, að hafa svarta söngkonu í hópnun, og er sérstaklega tekið fram í tilkynningu um SATT-kvöldið að nú fari hver að verða síðastur að heyra í henni! Hljómsveitina Hver skipa ann-

ars þeir Baldur Pétursson, sem leikur á gítar, Hilmar Hilmarsson, sem syngur, Steingrímur Óli Sigurðsson, trommur, Leifur Hallgrímsson, bassi og Þórhallur Kristjánsson sem spilar á gítar. Svarta söngkonan heitir Susan Causey.

Þorgeir Astvaldsson sér um kynningar og bregður Íslenskum plötum á fönninn. SATT-kvöldið annað kvöld verður að öllum líkindum síðasta skemmtunin í Tónabæ, því gert er ráð fyrir að staðurinn verði lokaður næsta árið vegna breytinga.

Ms.